

Mánudaginn 28. september 1992.

Nr. 307/1990. **Kaupfélag Árnesinga**
 gegn
Mýrdalshreppi.

Kærumál. Nauðasamningar. Lögtak. Skattar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Máli þessu áfrýjaði sóknaraðili til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst 1990. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Hefur málið verið sótt og varið skriflega.

Kaupfélag Skaftfellinga var sameinað Kaupfélagi Árnesinga síðla árs 1990. Hefur hið síðarnefnda því tekið við aðild málsins.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og synjað verði lögtaks fyrir kröfu varnaraðila í málinu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl.

I.

Aðilar deila um það, hvort krafa varnaraðila til aðstöðugjalds vegna rekstrarársins 1988 hafi verið til orðin, þegar tilraun til nauðasamnings hófst 31. október 1988, eða í tæka tíð, áður en samningsgerðinni var lokið, svo að nauðasamningurinn taki til hennar og hún sé samningskrafa samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1924 um nauðasamninga.

II.

Aðstöðugjald er einn af tekjustofnum sveitarfélaga, sbr. V. kafla laga nr. 73/1980 um það efni, er í gildi voru á þeim tíma, er hér skiptir máli. Gjaldskyldir eru þeir, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélagi. Þeim ber að skila skattstjóra

með skattframtali sínu sérstakri greinargerð um aðstöðugjaldsskyldan rekstrarkostnað í því formi, sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjaldstofn aðstöðugjalds er rekstrarkostnaður samkvæmt því, sem nánar segir í lögum. Aðstöðugjald er hundraðshluti af gjaldstofni eftir ákvörðun sveitarstjórnar og getur orðið hæstur 1,3%, sbr. d-lið 38. gr. fyrrnefndra laga. Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laganna ber sveitarstjórn að tilkynna skattstjóra ákvörðun sína um að nota heimild V. kafla laganna um innheimtu aðstöðugjalds og láta honum jafnframt samtímis í té upplýsingar um, hversu hátt gjaldið skuli vera. Þessa tilkynningu ber samkvæmt 2. mgr. 41. gr. að senda eigi síðar en 31. mars. Skattstjóri leggur gjaldið á árlega. Gjald dagar eru 10 á ári, þar af fimm vegna fyrirframgreiðslu, sem er ákveðinn hundraðshluti af álögðu aðstöðugjaldi fyrra árs.

III.

Kaupfélagi Skaftfellinga var heimiluð greiðslustöðvun 25. ágúst 1988. Rekstri félagsins lauk endanlega í þeim mánuði. Beiðni um nauðasamning fylgdi áætlaður efnahagsreikningur, svo sem skylt var samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 19/1924. Miðaðist hann við 26. október sama ár. Þar voru opinber gjöld vegna ársins 1988 áætluð. Samkvæmt bréfi löggilts endurskoðanda Kaupfélags Skaftfellinga 8. apríl 1991 var aðstöðugjald innifalið í þeirri áætlun og nam 950.000 krónum. Hinn 2. febrúar 1989 lá fyrir efnahags- og rekstrarreikningur Kaupfélags Skaftfellinga fyrir rekstrarárið 1988. Í honum voru opinber gjöld 1989 einnig áætluð. Í fyrrnefndu bréfi endurskoðandans kemur fram, að aðstöðugjald innifalið í þeirri áætlun hafi numið 951.200 krónum. Mismunur á þeirri áætlun og álögðu gjaldinu frá hendi skattstjóra nem um 1,5%

Í þinghaldi í skiptarétti 14. febrúar 1989, er frumvarp að nauðasamningi var fyrst til meðferðar, var því haldið fram af hálfu Kaupfélags Skaftfellinga með skírskotun til ársreiknings þess, er samkvæmt framansögðu lá þá fyrir, að nauðasamningurinn tæki til kröfu varnaraðila vegna gjaldsins. Þessu var mótmælt af hálfu varnaraðila. Kom krafan því hvorki til álita né atkvæða, er nauðasamningnum var ráðið til lykta.

IV.

Krafa varnaraðila réðst annars vegar af því, hversu hár aðstöðugjaldsskyldur rekstrarkostnaður Kaupfélags Skaftfellinga var við lok

atvinnurekstrar félagsins 1988, en hins vegar af því, hvert álagningarhlutfall yrði notað við álagningu aðstöðugjaldsins. Gjaldstofninn mátti vera varnaraðila ljós, þegar endanlegur rekstrarreikningur félagsins, gerður af löggiltum endurskoðanda, lá fyrir í byrjun febrúar 1989, en á fyrsta fundi í skiptarétti 14. sama mánaðar lá ársreikningurinn frammi sem dómskjal. Gera mátti þá kröfu til varnaraðila, að fljótlega eftir það hlutaðist hann til um útreikning kröfunnar. Væri óvissa um hann á þeim tíma sökum þess, að álagningarhlutfall aðstöðugjalds hafði ekki verið ákveðið, gat varnaraðili tryggt rétt sinn við nauðasamninginn með því að beita hæsta leyfilegu álagningarhlutfalli. Krafan gat þá hugsanlega lækkað, en ekki hækkað, þegar álagningarhlutfallið hafði verið ákveðið.

V.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, verður að líta svo á, að það hafi verið á valdi varnaraðila að sjá til þess, að krafa hans yrði í tæka tíð nægilega glögg til að fullnægja skilyrði þess, að hún yrði metin samningskrafa við nauðasamninginn. Samkvæmt því telst krafa varnaraðila til aðstöðugjalds úr hendi Kaupfélags Skaftfellinga vegna ársins 1988 hafa verið samningskrafa samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1924 og átt að greiðast eins og aðrar samningskröfur að 21 hundraðshluta. Ber því að synja kröfu varnaraðila um lög-
tak fyrir hinu á lagða aðstöðugjaldi umfram 21% af 965.478 krónum.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærúmálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Kröfu varnaraðila, Mýrdalshrepps, um lög-
tak fyrir aðstöðugjaldi Kaupfélags Skaftfellinga, á lögðu 1989, umfram 21% af 965.478 krónum er hafnað.

Varnaraðili, Mýrdalshreppur, greiði sóknaraðila, Kaupfélagi Árnesinga, samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærúmálskostnað.

S é r a t k v æ ð i

Garðars Gíslasonar hæstaréttardómara og

Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Álagning aðstöðugjalds á árinu 1989 hafði ekki farið fram, er nauðasamningi við Kaupfélag Skaftfellinga lauk. Var því ekki á færi varnaraðila að lýsa kröfu um greiðslu þess við gerð nauðasamningsins. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Við teljum, að eftir atvikum sé rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Vestur-Skaftafellssýslu 29. júní 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. þ. m.

Gerðarbeiðandi, Mýrdalshreppur, gerir þá kröfu, að lögtak verði gert í eigum gerðarþola, Kaupfélags Skaftfellinga, til tryggingar vangoldnum og gjaldföllnum aðstöðugjöldum félagsins, á lögðum 1989, ásamt á föllnum og áfallandi dráttarvöxtum og kostnaði, þ. m. t. kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi.

Kröfu sína sundurliðar sóknaraðili þannig:

Höfuðstóll, álagning 1989	kr. 965.478
Dráttarvextir pr. 10/5 1990	kr. 253.836
	<hr/>
	kr. 1.219.314
Innheimtuþóknun skv. gjaldskrá LMFÍ	kr. 74.461
	<hr/>
	Kr. 1.293.775

Gerðarþoli, Kaupfélag Skaftfellinga, gerir þá kröfu aðallega, að lögtakið nái ekki fram að ganga, og krefst að auki málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

II.

Málavextir eru þeir, að með úrskurði skiptaréttar Vestur-Skaftafellssýslu 2. des. 1988 var gerðarþola, Kaupfélagi Skaftfellinga, veitt leyfi til að leita nauðasamninga með þeim hætti, er III. kafli laga 19/1924 greinir. Gerðarþoli hafði þá verið í greiðslustöðvun frá 25. ágúst s. á., en beðið um leyfi til nauðasamninga 31. okt. s. á.

Tilkynning ásamt innköllun til kröfuhafa um leyfi til nauðasamningatilauna gerðarþola var birt í Lögbirtingablaðinu 16. des. 1988. Nauðasamningatilaunir höfðu síðan eðlilegan gang, og var samningur til nauðasamn-

inga gerðarþola staðfestur af skiptaráðanda 5. maí 1989, þannig, að almennum kröfuhöfum yrði greiddur 21 hundraðshluti krafna sinna.

Á skiptafundi 14. febr. 1989 hafði deiluefni það, sem hér er til umfjöllunar, verið borið upp, sbr. dskj. nr. 7, og lýsti þá lögmaður varnaraðila þeirri skoðun sinni, að aðstöðugjöld ársins 1988, sem þá voru ekki enn á lögð, ættu að falla undir ákvæði nauðasamningsins. Þeirri skoðun var mótmælt af hendi gerðarbeiðanda og málið lagt undir úrskurð skiptaráðanda. Í þinghaldi 20. mars 1989 tók skiptaráðandi síðan fram, að hann teldi ekki efni til að taka afstöðu til deiluefnisins, þar sem það lyti að því, hvort krafa, sem hefði ekki verið lýst, félli undir samningskröfur, og taldi deiluefnið ekki falla undir meðferð um nauðasamninga.

Aðstöðugjöld ársins 1988 voru síðan lögð á með úrskurði skattstjóra 29. júlí 1989, sem birtur var í 92. tbl. Lögbirtingablaðsins s. d. Lögtaksúrskurður var kveðinn upp fyrir gjöldum þessum 30. ágúst s. á. og birtur með lögformlegum hætti. Innheimtubréf var sent gerðarþola 16. nóv. 1989 og hann loks boðaður í fógetarétt Vestur-Skaftafellssýslu 7. maí 1990 til að þola lögtak fyrir aðstöðugjöldunum. Af hálfu gerðarþola var þá mætt og framgangi lögtaks mótmælt. Í framhaldi af því hafa báðir aðilar skilað greinargerð, og var málið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 13. þ. m.

III.

Málsástæður og lagarök gerðarbeiðanda.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að umþrættri kröfu gerðarbeiðanda um greiðslu aðstöðugjalda, á lagðra 1989, hafi ekki verið lýst fyrir skiptaráðanda vegna nauðasamninga varnaraðila, enda hafi krafan ekki verið til á þeim tíma. Krafan sé því ekki samningskrafa og falli ekki undir áður nefnda nauðasamninga. Gerðarþola beri því að greiða hana að fullu auk á fallinna dráttarvaxta og kostnaðar. Gerðarbeiðandi segir aðstöðugjöld lögð á skv. lögum nr. 73/1980 og vísar um framkvæmd álagningar og innheimtu þeirra til 37., 43. og 44. gr. þeirra laga.

Gerðarbeiðandi segir kröfu um aðstöðugjöld ekki hafa orðið til fyrr en við álagningu skattstjóra í júlí 1989, því að fyrr hafi gerðarbeiðandi ekki getað vitað fjárhæð gjaldanna, enda hafi þau ekki orðið gjaldkræf fyrr en þá.

Gerðarbeiðandi telur, að krafan sé ekki skildöguð í skilningi 8. tl. 12. gr. eða 25. gr. laga nr. 19/1924, því að hún hafi ekki verið til við upphaf nauðasamninga og hafi ekki orðið það, fyrr en aðstöðugjöld hafi verið á lögð af skattstjóra. Gerðarbeiðandi benti einnig á það í málflutningi sínum, að það sé skilyrði skildagaðrar kröfu, að hún sé til, að um hana sé vitað og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla, til að hún verði gjaldkræf, og eigi þetta ekki við um aðstöðugjöldin.

IV.

Gerðarþoli reisir kröfu sína um, að synja eigi um framgang lögtaks, á því, að gerðarbeiðandi sé vegna skattkröfu þessarar bundinn af margnefnd-um nauðasamningi. Gerðarþoli telur, að krafan hafi verið skildöguð í þeim skilningi, að skildaginn hafi ekki verið kominn fram, þegar nauðasamningurinn var staðfestur. Gerðarþoli vísar um það til 21. gr., sbr. 8. t. l. 12. gr. laga nr. 19/1924 um nauðasamninga, sbr. og 47. og 43. gr. s. l. Gerðarþoli telur, að með því að skattstjóri Suðurlands hafi lagt aðstöðugjald á gerðarþola árið 1989, sem að stofni til hafi verið vegna veltu gerðarþola, áður en greiðslustöðvun hófst á árinu 1988, beri gerðarþola einungis að standa skil á 21 af hundraði af 965.478 kr., sem lagðar voru á gerðarþola. Gerðarþoli telur sig því eiga að greiða gerðarbeiðanda 202.750 kr., sem hann hafi reyndar þegar boðist til. Gerðarþoli telur, að greiðsla allrar umkrafinnar skuldar fæli í sér stórfellda mismunun milli almennra kröfuhafa.

Eins telur gerðarþoli, að allar aðstæður hafi verið til þess, er gerðarþoli hætti rekstri, að finna, hver aðstöðugjöldin ættu að vera. Gerðarþoli telur, að krafan verði til jafnóðum við reksturinn, en að skildaginn sé sá að leggja gjöldin á.

Loks benti gerðarþoli á, að krafa gerðarbeiðanda nyti ekki lögtaksréttar, heldur yrði að fullnægja henni með aðför í samræmi við úrskurðarorð með staðfestum nauðasamningi, að því er varðar þann 21 hundraðshluta kröfunnar, sem gerðarþoli segir gerðarbeiðanda eiga rétt á.

V.

Meginágreiningsefni málsaðila lýtur að því, hvort gerðarbeiðandi megi tryggja kröfu sína um greiðslu aðstöðugjalda, á lagðra 1989, með lögtaki eða ekki. En til að leysa úr því þykir verða að skera úr um það, hvort umþrætt aðstöðugjöld hafi fallið undir margnefnda nauðasamninga gerðarþola.

Ljóst er, að aðstöðugjöld eru skattur í merkingu 77. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins, sem lagður er á skv. heimild í lögum nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Í þeim lögum er kveðið á um það, hvernig gjald þetta skuli reiknað út og á lagt. Ljóst er, að gerðarbeiðandi kemur þar hvergi nálægt, og gagnvart honum er allt óljóst um fjárhæð gjaldsins og yfirleitt, hvort um nokkurt gjald verður að ræða.

Gerðarbeiðandi á því ekki kröfu á hendur gerðarþola um greiðslu aðstöðugjalda, fyrr en skattstjóri hefur lagt þau á, og breytir þar engu um, þótt aðstöðugjöldin séu að einhverju leyti fyrirsjáanleg.

Í máli þessu liggur fyrir, að nauðasamningar gerðarþola voru staðfestir af skiptaráðanda 5. maí 1989; eins liggur fyrir, að umþrætt aðstöðugjald var ekki á lagt fyrr en í júlí s. á., og fyrr gat krafa gerðarbeiðanda á hendur gerðarþola ekki stofnast.

Samkvæmt framanrituðu verður ekki litið á aðstöðugjöld sem skildagaða kröfu í merkingu 8. tl. 12. gr. laga nr. 19/1924, því að til þess verður krafan að vera til, þótt skildagi sé ekki kominn.

Samkvæmt öllu framanröktu verður að telja, að aðstöðugjöld til sóknaraðila, á lögð árið 1989, falli ekki undir nauðasamninga varnaraðila.

VI.

Samkvæmt framangreindu eru aðstöðugjöld, á lögð 1989, að fjárhæð 965.478 kr., í vanskilum. Aðstöðugjöldin auk dráttarvaxta af þeim njóta lögtaksréttar skv. 44. gr. laga nr. 73/1980. Lögtak nær því fram að ganga fyrir 965.478 kr. auk dráttarvaxta til greiðsludags, sbr. 1. mgr. 43. gr. s. 1.

Rétt þykir, eins og mál þetta er vaxið, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kvað upp Sigurður Gunnarsson, settur sýslumaður. Lögmaður gerðarbeiðanda var Ingimundur Einarsson, en lögmaður gerðarþola Árni Vilhjálmsson.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeðin lögtaksgerð í eignum Kaupfélags Skaftfellinga skal ná fram að ganga til tryggingar vangreiddum aðstöðugjöldum, á lögðum 1989, að fjárhæð 965.478 kr., auk dráttarvaxta til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.
